



Reykjavíkurborg  
Umhverfissvið  
Neðdasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 132/519  
komudagur 8.12.2005

8. desember 2005.

**Efni: Umsög um frv. til laga um br. á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 314 mál.**

Vísað er til bréfs yðar dags. 28. nóvember s.l. Gerð er athugasemd við hinn skamma frest, sem veittur er til umsagnar um ofangreint mál. Reykjavíkurborg gerir eftirtaldar almennar athugasemdir við breytingartillöguna:

Það er skoðun Reykjavíkurborgar að eftirlit fagglits aðila geti ekki komið í stað opinbers eftirlits. Það þarf að skýra aðkomu opinberra aðila.

Ekki er kveðið á um meðferð þeirra gagna, sem verða til við úttekt faggiltra aðila. Standi til að þeir skili þeim inn til heilbrigðiseftirlits sem fer með þvingunarúrræði skv. 1. um hollustuhætti og mengunarvarnir, er nauðsynlegt að kveða á um skilaskyldu þeirra í lögnum. Ekki er nægilegt að ráðherra setji ákvæði í reglugerð um þannig skyldu, án lagaheimildar. Telja verður hættu á að faggiltir aðilar verði of háðir fyrirtækjunum sem þau eiga að hafa eftirlit með það, þar sem tekjur þeirra frá eftirlitsþegunum er væntanlega ætlað að standa undir rekstri þeirra, auk eðlilegs hagnaðar af rekstrinum.

Þvingunarúrræðin verða skv. 1. um hollustuhætti og mengunarvarnir, áfram hjá opinbera eftirlitinu. Opinbera eftirlitið þarf að hafa aðgang að öllum gögnum og þarf örugglega líka að meta sjálfstætt hvort athugasemdir eru réttmætar og hvort grípa þarf til þvingunarúrræða. Einnig þarf líka að athuga á hinn veginn þ.e. hvort sleppt hafi verið að gera athugasemdir þar sem ástæða var til. Þannig er vandséð, að opinberir eftirlitsaðilar geti að einhverju marki minnkað eftirlitið hjá sér, þar sem mikil vinna mun fara í yfirferð á gögnum og að staðreyna, að gögnin séu í samræmi við raunveruleikann.

Þrátt fyrir að reynslan af innra eftirlitinu hjá allra stærstu fyrirtækjunum sé almennt góð þá einskorðast það við þau allra stærstu. Reynsla af innra eftirliti í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er ekki góð og þau hafa hafa ekki verið viljug að taka upp skráningar á innra eftirliti. 11 ára reynsla af að reyna að koma á innra eftirliti í matvælafyrirtækjum er ekki til þess fallin að vekja bjartsýni um fyrirtæki taki upp innra eftirlit með allri starfseminni. Flest fyrirtæki í landinu eru lítil eða meðalstór. Þetta eru fyrirtæki sem yfirleitt hafa ekki burði til að vera með sérstaka starfsmenn í gæðamálum. Illa hefur gengið að fá minni fyrirtæki til að taka upp skráningar og er augljóst að þau vilja heldur fá heimsókn heilbrigðisfulltrúa þar sem farið er yfir verkferla, húsnæði efnatökn o.s.frv. en að eyða mun lengri tíma í skýrslugerð. Einnig hefur reynslan sýnt að skráningar falla niður og eru ekki teknar upp aftur nema stíft sé eftir því gengið

Reynsla annarra þjóða af innra eftirliti er svipuð og okkar, þ.e. að erfiðlega gangi að framfylgja því í minni fyrirtækjum og að alltaf þurfi að fara fram opinbert eftirlit samhliða. Við hefðbundið eftirlit fer fram víðtækari skoðun en hægt er að viðhafa með skráningum á innra eftirliti, s.s. merkingar á efnavörum, útskiptareglu þ.e. að nota hættuminni efni í stað hættumeiri o.s.frv. Ekki má heldur gleymast í þessu sambandi að heilbrigðiseftirlit getur leikið mjög stórt hlutverk við að framfylgja umhverfisstefnu ríkis og sveitarfélaga.



## Reykjavíkurborg

Umhverfissvið

Benda má á að nú þegar er heimild í l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, 24. gr., að fela faggiltum skoðunaraðilum eftirlit. Enn hefur ekki gefist tilefni til að beita því ákvæði.

Í frumvarpinu kemur fram að það hafi ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Hins vegar er ekki annað að sjá en að það hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir fyrirtæki þar sem verið er að auka eftirlit og ef skylda á fyrirtæki til að kaupa út eftirlit af faggiltum aðila auk þess sem skráningar á innra eftirliti taka tíma og hafa þar af leiðandi í för með sér kostnað fyrir fyrirtæki. Þá verður ekki séð af frv. þessu, að fylgt hafi verið ákvæðum 3. gr. 1. nr. 28/1999 um opinberar eftirlitsreglur, en þar er kveðið á um, að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits, skuli viðkomandi stjórnvald leggja mat á þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Þá er ekki ljóst, hver verður kostnaður sveitarfélaganna af breytingu þessari. Af tilefni er sérstaklega vakin athygli á samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um, að það beri að meta þann kostnað samhliða kostnaði ríkisins við framlagningu lagafrumvarpa, sem áhrif geta haft á hann.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við lagafrumvarp þetta á síðari stigum .

Virðingarfyllt,  
*Örn Sigurðsson*  
Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.